# Landsbanki Íslands

# Handbók
fyrir
## Hita- og loftræstikerfi
nr. 1

HITA LOFTRÆSTI ÞJÓNUSTAN
The H. V. A .C. Service

Sími: 587 4162
GSM: 892 4428
Fax: 587 4162
Boðtæki: 845 4688

Reykjavík maí 1995

theben




1 - Tímagluggi
2 - Vikudagur (7=sunnudagur)
3 - Klst. stillir
4 - Dagstillir
5 - Tími settur
6 - Forritun.
7 - Skipananúmer
8 - Handkeyrsla
9 - Vísun AF eða Á
10 - Mín. stillir
11 - Forgangs- og handskipanir
- Daglegar skipanir







# theben TR 610

## TENGIÐ KLUKKUNA Í SAMRÆMI VIÐ TEIKNINGAR

### ÞURRKAÐ ÚT ÚR MINNINU.
Eftir að klukkan hefur verið tengd, skal þurrka út úr minninu. Það er gert með því að ýta samtímis á hnappa ( d ), (⊙), ( m ) og (↰).

### KLUKKAN SETT.
Á meðan klukkan er sett, er hnapp (⊙) haldið stöðugt niðri. Klukkan er þá sett rétt með því að ýta á hnappa ( d ) fyrir vikudag, ( h ) fyrir klukkustundir og ( m ) fyrir mínútur. Þegar klukkan er rétt, er hnapp (⊙) sleppt og klukkan byrjar að ganga.

### FORRITUN.
Klukkan hefur 8 aðgerðartíma ( 4 Á og 4 AF ) sem eru forritanlegir á einn eða fleiri vikudag, eða 12 aðgerðartíma ( 6 Á og 6 AF ) ef allir vikudagar eru eins.
Athugið að klukan fer sjálf yfir á venjulegan gang ef ekki er átt við hana í 40 sekúndur.

### FORRITUN ROFTÍMA.
Ýtið á hnapp ( Prog ). Skjárinn sýnir -:--

### Á SKIPANIR.
ON, ( Á ) sést á hægri hluta skjásins. Ýtið á hnapp ( d ) og ör blikkar fyrir ofan töluna 1 ( stendur fyrir mánudag). Ef þessi Á- tími skal vera á mánudegi er það staðfest með því að ýta á (↰ ). Velja má aðra eða fleiri vikudaga með því að ýta á ( d ) og staðfesta dagana með því að ýta á (↰ ). Ef Á- tími á að vera sá sami frá mánudegi til föstudags, eiga að vera 5 örvar á skjánum fyrir ofan tölur 1...5.
Ef tíminn á að vera sá sami alla vikuna, þá eru 7 örvar á skjánum fyrir ofan tölurnar 1....7.
Eftir að hafa valið á hvaða vikudögum Á- tíminn á að vinna, skal stilla klst. með hnapp ( h ) og mín. með hnapp ( m ).
Nú skal ýtt á ( Prog ).

### AF SKIPANIR.
OFF, ( AF ) sést þá á hægri hluta skjásins. Veljið nú vikudaga eins og áður, og þegar því er lokið eru klst. og mín. valdar.
Athugið að setja AF- tíma á alla dagana sem nota á, það er ef AF- tíminn á að vinna frá mánudegi til föstudags, þurfa örvarnar að vera fyrir ofan tölur 1...5. Samræmi þarf að vera á milli Á- og AF- tíma.

### DAGLEGIR ROFTÍMAR.
Boðið er upp á þann möguleika að hafa sama tíma alla daga með 12 aðgerðartímum ( 6 Á og 6 AF ). Þurrkað skal út úr minninu. Þegar klukkan er sett, á ekki að velja vikudag, heldur klst. og mín. með hnöppum ( h ) og ( m ). Klukkan sýnir þetta með ör fyrir ofan táknið ( 1-7 ). Á- og AF- tímar eru síðan forritaðir með því að ýta á ( Prog ) og síðan ( h ) og ( m ). Til að fara í hitt kerfið þarf að hreinsa út úr minninu að nýju.

### FRÍDAGAFORRITUN.
Klukkan gefur kost á því að vera í óvirkri stöðu á meðan á frídögum stendur, allt frá einum degi til 45 daga. Haldið hnapp ( h ) inni og ýtið á (↰). Eftir 45 kemur aftur 00. Forritið kemur inn á næsta miðnætti á eftir og kemur þá ( H OFF ) á skjáinn. Ekki er hægt að eyða forritinu nema með því að halda hnapp ( h ) inni og ýta á (↰) þar til 00 birtist á skjánum að nýju.

### SKIPUNUM BREYTT EÐA ÞÆR ÞURRKAÐAR ÚT.
Finna má skipanir með hnöppum ( Prog ) eða ( d ). Þegar rétt skipun er á klukkunni má breyta henni með hnöppum ( h ) = klst. og ( m ) = mín.
Sé hins vegar ýtt samtímis á hnapp ( h ) og ( m ) þurrkast skipunin út.

### HANDKEYRSLA.
Með því að ýta á hnapp (↰ ) má handsetja klukkuna AF eða Á. Frá næstu forrituðu skipun vinnur klukkan eðlilegá. Hægt er að læsa klukkunni AF eða Á með því að ýta samtímis á hnappa (↰ ) og ( m ). Sé klukkan þannig læst kemur svartur punktur efst í hægra hornið á klukkunni.

### SUMAR/VETUR.
Hægt er að færa klukkuna fram um 1 klst. með því að þrýsta samtímis á hnappa ( d ) og ( h ). Á sama hátt má seinka henni með því að þrýsta samtímis á hnapp ( d ) og ( m ).




| HEITI VERKS | Dags:25-02-95 |
|---|---|
| LANDSBANKI ÍSLANDS | Teikn: ÖS |
| HAFNARBRAUT 20 KERFI NR. 1 | Samþ: KO |
| HITA- OG LOFTRÆSTIÞJÓNUSTAN<br>Ystaba 11, 110 Reykjavík<br>S.587 4162, Fax:587 4162, GSM sími:892 4428 | Verk nr: 1.<br>Kvarði: |

| | | |
|---|---|---|
| 1. 11. | Blásari | dregur ferskloft inn um inntaksstokk og bakrásarstokk til uppblöndunnar í gegnum samstæðu og blæs heitu lofti frá samstæðunni inn í vinnusalinn. Stjórnast af tæki (nr. 1. 15.)<br>**Kjörhitastig 22 - 24°C.** |
| 1. 12. | Lofthitam | staðsettur í framrásarlofti fyrir vinnusal sýnir hitastigið á framrásarloftinu eins og það er hverju sinni inn í vinnusalinn. |
| 1. 13. | Hitastillir | staðsettur í vinnusal skynjar og mælir lofthitann í salnum, sendir boð til tæki (nr. 1.09.) og leitast við að halda því hitastigi sem hann er stilltur á hverju sinni, í samvinnu við tæki (nr. 1. 09.) og stjórnar því.<br>**Stillist á 22 - 24° C.** |
| 1. 14. | Blásari | dregur bakrásarloft frá snyrtingum og hendir því út og upp úr þaki, Stjórnast af tæki (nr. 1. 16.) |
| 1. 15. | Hraðastillir | staðsettur í stjórntöflu, styllir 1% til 100% fyrir innblásara tæki (nr. 1. 11.) stjórnast af tæki (nr. 1. 19.)<br>**Stillist á 100 %.** |
| 1. 16. | Hraðastillir | staðsettur í stjórntöflu, þrepastilltur, þrep 1 til 7 fyrir bakrásarblásara tæki (nr. 1. 14.) og bakrásarblásara tæki (nr. 1. 20.) stjórnast af tæki (nr. 1. 19.)<br>**Stillist á 4** |
| 1. 17. | Varrofi | í raftöflu fyrir innblásara tæki (nr. 1. 11.) stjórnar tæki (nr. 1. 19.) |
| 1. 18. | Varrofi | í raftöflu fyrir útblásara tæki (nr. 1. 14.) stjórnar tæki (nr. 1. 19.) |
| 1. 19. | Rofi | stjórnrofi fyrir blásara tæki (nr. 1. 11.), (nr. 1. 14.) og (nr. 1. 20.)<br>**Umsjónarmaður einn stjórnar þessum rofa.** |
| 1. 20. | Blásari | bakrásarblásari dregur bakrásarloft frá vinnusal og kastar því út eða þeim hluta þess sem ekki er notaður til uppblöndunar.<br>Stjórnast af hraðastillir tæki (nr. 1. 15.) |
| 1. 21. | Hitamælir | Vatnshitamælir í bakrás heita vatnsins, sýnir hitastig á bakrásinni. |
| 1. 22. | Hitamælir | Vatnshitamælir í framrás heitavatns, sýnir hitastig á framrásinni. |
| 1. 23. | Varrofi | í raftöflu fyrir bakrásarblásara tæki (nr. 1. 20.) |
| 1. 24. | Klukka | kveikir á blásurum tæki (nr. 1. 11.), (nr. 1. 14.) og (nr. 1. 20.)<br>Kl. 08.00 að morgni og slekkur á blásurunum Kl. 18.00 að kvöldi alla daga ársins. |

# Lýsing á samvirkni tækja.

**Loftræstikerfi nr. 1** **Hita- og loftræstikerfi fyrir vinnusal (uppblöndunarkerfi).**

| NR: | TÆKI: | HLUTVERK: |
|---|---|---|
| 1. 01. | Rist | inntaksrist fyrir ferksloft. |
| 1. 02. | Rist | bakrásarrist, útkast. |
| 1. 03. | Loftloka | fyrir bakrásarloft staðsett í samstæðu, blandar fersklofti og bakrásarlofti saman þannig að fáist það hitastig sem um er beðið á tæki (nr. 1. 06.) að hitara tæki (nr. 1. 08.) Stjórnast af tæki (nr. 1. 04.)<br>**Kjörhitastig 14° C.** |
| 1. 04. | Lokumóto | Stjórnar uppblöndun á fersklofti tæki (nr. 1. 05.) , bakrásarlofti tæki (nr. 1. 03.) Stjórnast af tæki (nr. 1. 06.) |
| 1. 05. | Loftloka | fyrir fersklofti (útiloft) staðsett í samstæðu, blandar fersklofti og bakrásarlofti saman þannig að fáist það hitastig sem um er beðið á tæki (nr. 1. 06.) að hitara tæki (nr. 1. 08.) Stjórnast af tæki (nr. 1. 04.)<br>**Kjörhitastig 14° C.** |
| 1. 06. | Hitastillir | til uppblöndunnar á fersklofti og bakrásarlofti, stjórnar tæki (nr. 1. 04.)<br>**Stillist á 14° C.** |
| 1. 07. | Síur | stærð 40 x 17 x 4, 4stk. flatsía, síar ferskloftið og endurnotað bakrásarloft áður en því er blásið inn í vinnusalinn.<br>**Skipta þarf um síur á fjögramánuða fretsi.** |
| 1. 08. | Hitari | hitar upp loftið sem blásið er inn í vinnusalinn.<br>Stjórnast af tæki (nr. 1. 09.) |
| 1. 09. | Mótorloki | fjölstöðumótor, stjórnar heita vatninu inn á hitarann tæki (nr. 1. 08.) fær boð frá hitastilli í vinnusal tæki (nr. 1. 13.) og leitast við að halda því hitastigi sem tæki (nr. 1. 13.) er stilltur á hverju sinni. |
| 1. 10. | Frostvörn | staðsett í samstæðu. **Stillist á +5° C.**<br>Við frostútleysingu gerist eftirfarandi:<br>Slekkur á blásara tæki (nr. 1. 11.), (nr. 1. 14.) og (nr. 1. 20.)<br>Lokar loftloku tæki (nr. 1. 05.)<br>Fullopnar loftloku tæki (nr. 1.03.)<br>Fullopnar mótorloka tæki (nr. 1.09.) |